

Ákærði Y sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Z sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu X, Y og Z greiði óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 100.000 krónur í bætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 170/1991. **Vilhjálmur Árnason**

gegn

Bjarna Jónassyni.

Kærumál. Vitni. Skjöl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1991. Kæra þessi er heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn málsins bárust Hæstarétti 18. apríl 1991.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að vísað verði frá héraðsdómi kröfu varnaraðila á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals. Þá er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fram er komið, að héraðsdómari hefur gert Brynjari Eiríkssyni kost á að láta kærumál þetta til sín taka, en óskar ekki eftir því.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað sem einkarefsimál til ómerkningar ummæla, sem hann telur nafngreinda menn hafa haft um sig við nánar tilgreind tækifæri. Hefur hann nefnt til vitnisburðar nafngreint fólk um málsatvik.

Varnaraðili hefur krafist þess, að vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði gert skylt að leggja fram skýrslu, sem hann samdi ásamt öðrum og um ræðir í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili telur, að skýrsla þessi hafi sönnunargildi í málinu. Vitnið kveður skýrslu þessa hafa verið samda fyrir tiltekna aðila sem trúnaðarmál.

Varnaraðili á rétt á að fá úr því skorið, hvort efni skjals þessa hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins og hvort aðstæður að öðru leyti séu slíkar, að vitninu verði gert skylt að leggja það fram, sbr. 148. og 149. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Málskostnaðarkröfu sóknaraðila er hafnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 22. mars 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem er einkarefsimál, höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 a, Vestmannaeyjum, var í gær tekið til úrskurðar í samræmi við 1. mgr. 190. gr. laga 85/1936 að undangengnum munnlegum málflutningi vegna fram kominnar frávisunarkröfu á tilteknum þætti málsins.

Dómkröfur málsaðila í þessum þætti málsins eru sem hér greinir: Stefndi, sem er sóknaraðili í þessum þætti málsins, gerir eftirfarandi dómkröfu:

„Að vísað verði frá dórní kröfu stefnanda á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals.

Stefnandi, sem er varnaðili í þessum þætti málsins, gerir hér eftirfarandi dómkröfu:

„Aðalkrafa: „Að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og að krafa mín samkvæmt dskj. 3, bls. 4, nái fram að ganga um, að Brynjar Eiríksson verði skyldaður með úrskurði að leggja fram skýrslur þær, er hann og Anna Karín Júlíussen eru höfundar að og eru dags. 15. júlí 1987 og 6. október 1987, að því leyti, sem þær varða mig.“

Varakrafa: „Til vara er þess krafist, að nefndur Brynjar Eiríksson verði skyldaður með úrskurði að leggja fram þann hluta skýrslanna, þar sem umstefnd ummæli koma fyrir.“

Bæði stefndi og stefnandi krefjast málskostnaðar úr hendi hins, og krefst stefndi, að á málskostnað verði dæmdir dráttarvextir skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags, en stefnandi, að á málskostnað leggist aukaálag skv. 4. tl. 177. gr. laga 85/1936.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt stefnu og stefnda skv. greinargerð eru aftur á móti eftirfarandi:

Í stefnu, sem þingfest var 14. júní sl., krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til refsingar og að átalinn ummæli, er stefnandi tilgreinir í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar þannig: „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út.“ „Bjarni er geðveikur.“ „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“ „Hann er, sko - geðveikur maðurinn,“ verði dæmd dauð og ómerk, þ.e. þrjú (sic) síðasttöldu ummælin, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms o.fl. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi greiði sér miskabætur, og krefst loks málskostnaðar úr hendi stefnda sér til handa.

Stefndi, sem skilaði greinargerð í málinu 28. júní sl., krafðist þess, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

II.

Málsmeðferð og málsatvik.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar í september sl. að afloknu réttarhléi, og boðaði dómarinn til þinghalds samkvæmt 1. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 54/1988, hinn 28. febrúar sl. Í tilkynningu til stefnanda um þinghaldið, dskj. 18, segir m.a.: „Í samræmi við tilvitnaða lagagrein mun dómarinn í þinghaldi þessu leita sátta með aðilum og taka við skriflegum gögnum, er málið snerta og ekki hefur áður verið tilefni til fyrir aðila að leggja fram í málinu. Sérstaklega verður fjallað um áskorun yðar um framlagningu á tilteknu skjali.“ Í þinghaldinu var lagt fram sem dskj. 20 bréf dómarans til Brynjars Eiríkssonar, dagsett 25. febrúar sl., og er svohljóðandi:

„Eins og yður er kunnugt, hefur Bjarni Jónasson, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, höfðað einkarefsimál fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja á hendur Vilhjálmi Árnasyni, Vestmannabraut 65 a, Vestmannaeyjum. Stefndi, Bjarni, telur, að stefndi, Vilhjálmur, hafi viðhaft meiðandi ummæli um sig, en til þess að hann geti komið fram rétti sínum á hendur stefnda, telur hann sig þurfa að fá aðgang að skýrslu, sem þér ásamt Önnu Karín Júlíussen sömduð fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, en þar telur hann, að hin meiðandi ummæli sé að finna. Stefnandi fullyrðir, að hann hafi beint áskorun til yðar um að afhenda honum til notkunar staðfest eintak af þeim hluta skýrslunnar, sem hin ætluðu meiðandi ummæli er að finna, en þér eigi sinnt slíkri áskorun. Í þessu sambandi hefur

stefnandi á grundvelli 148. gr. óskað eftir aðstoð dómars, til að þér verðið, ef þörf krefur, með úrskurði dómars skyldaður til að leggja umbeðið skjal fram til notkunar í málinu.

Að þessu tilefni gefnu eruð þér kvaddur sem vitni til að mæta fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, sem háð verður í dómsalnum Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 28. febrúar nk. kl. 13.30, og mun dómarsinn þá beina þeirri spurningu til yðar, hvort þér hafið fengið áskorun frá stefnanda, Bjarna Jónassyni, um að afhenda til framlagningar í málinu framangreint skjal og hvort þér gerið athugasemdir í því sambandi....“

Eins og af bréfi þessu má ráða, er meðal málsóknargagna áskorun stefnanda til Brynjar Eiríkssonar sálfræðings um, að hann leggi fram tvær skýrslur, sem Brynjar gerið ásamt Önnu Karín Júlíussen félagsráðgjafa að beiðni stjórnar Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum. Stefnandi kveður skýrslur þessar hafa að geyma staðhæfingar um, hvaða sjónarmiðum hann hafi fylgt í starfi, er hann var framkvæmdastjóri V.V.V., og einnig hafi þær, sbr. álitgerð Gauks Jörundssonar, umboðsmanns Alþingis, meðal annars að geyma frásagnir af því, hvernig stefnandi hafi komið fram í samskiptum sínum við starfsmenn og hver viðhorf hafi þar komið fram af hans hálfu. Þá sé þar greint frá áliti starfsmanna á stefnanda og svörum hans við spurningum skýrsluhöfunda. Umrædd álitgerð umboðsmanns Alþingis, sem er frá 30. júní 1989, er meðal málsóknargagna, en skýrslur þær, sem stefnandi krefst, að Brynjar Eiríksson afhendi sér til framlagningar í málinu, eru frá 15. júlí 1987 og 6. október 1987. Hin ætluðu meidandi ummæli telur stefnandi vera að finna í tilgreindum skýrslum, en varðandi áskorun um framlagningu vísar stefnandi til 147. og 148. gr. einkamála laga nr. 85/1936.

Samkvæmt framangreindri kvaðningu dómars kom vitnið Brynjar Eiríksson fyrir dóminn 28. febrúar sl. Staðfesti vitnið, að stefnandi hefði farið þess á leit við sig bæði formlega og óformlega, að vitnið afhenti honum skýrslurnar til notkunar í málinu. Kvaðst vitnið ávallt hafa gefið stefnanda þau svör, að hann teldi sér ekki fært að afhenda honum skýrslurnar, þar sem þær væru eign stjórnar V.V.V. og félagsmálaráðuneytisins, og hefði hann jafnframt vísað til siðanefndar Sálfræðingafélags Íslands frá 11. maí 1988, en nefndin teldi, að vitninu bæri ekki að afhenda öðrum afrit af skýrslunum en verkbeiðanda. Enn fremur kvaðst vitnið hafa bent stefnanda á, að viðtöl þau, sem skýrslurnar byggðust á, væru tekin á grundvelli yfirlýsinga skrásetjara um, að enginn fengi aðgang að þeim upplýsingum, sem skrásetjarar kynnu að afla, nema verkbeiðandi þeirra. Sagði vitnið, að aðeins á þeim forsendum hefði starfsfólk vinnustaðarins verið tilbúið til þess að tjá sig um þá samskiptaerfiðleika, sem hefðu verið í gangi á vinnustaðnum, auk annarra þátta, sem fólk hefði haft þörf fyrir að tjá

sig um varðandi vinnustaðinn. Vitnið kvaðst hins vegar hafa tekið það skýrt fram við stefnanda, að persónulega hefði hann ekkert á móti því, að stefnandi hefði umráð yfir skýislunum, en teldi hins vegar rétt, að réttir aðilar afhentu honum þær. Í sama þinghaldi beindi stefnandi þeirri spurningu að vitninu, hvort það stæði í umræddum skýrslum og haft eftir stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, að hann (Vilhjálmur) hefði unnið að því að bola sér (Bjarna) úr starfi og að hann (Bjarni) væri geðveikur. Vitnið óskaði á þessu stigi málsins að vera undanþegið skyldu til að svara spurningunni.

Í lok þinghaldsins 28. febrúar sl. boðaði dómariinn í samráði við málsaðila til nýs þinghalds, og skyldi þar stefnanda og lögmanni stefnda gefið færi á að gera athugasemdir við framlagningu umbeðinna skjala, en áður en til þess þinghalds kom, hafði dómariinn kannað, hvort grundvöllur væri fyrir samkomulagi um þá málsmeðferð, að skjöl þau, er stefnandi hafði krafist framlagningar á, yrðu lögð fyrir dómara in trúnaði. Ekki reyndist samkomulag um þá málsmeðferð, og kom málið síðan næst fyrir á boðuðum þingdegi 12. mars sl. Stefnandi, Bjarni Jónasson, ítrekaði þar kröfu sína um framlagningu á tilgreindum skýrslum, þ.e. þeim hluta þeirra, þar sem hin átöldu ummæli væri að finna. Lögmaður stefnda krafðist þá frávisunar á þeirri kröfu, og ákvað dómariinn þá, að munnlegur málflutningur færi fram um framkomna frávisunarkröfu stefnda varðandi kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skjölum. Var málið síðan að þessu leyti tekið til úrskurðar 20. mars sl. að afloknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, fer með og flytur mál sitt sjálfur, en dómariinn hefur gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

III.

Sjónarmið málsaðila.

Af hálfu stefnda er frávisunarkrafan byggð á því, að stefnandi hafi ekki, að því er séð verði, getið þess í stefnu, að hann krefjist þess af Brynjari Eiríkssyni, að hann leggi fram umgetið skjal. Það sé að sjálfsögðu fullkomnið rannsóknarefni, hvort hægt sé að hafa uppi kröfu, sem ekki sé getið um í stefnu. Einkamálalögin svari þessu vel, en þar komi skýrt fram, í 113. gr. þeirra laga, að kröfum, sem ekki sé getið um í stefnu, beri að vísa frá dómi. Það sé þannig ljóst, að hér sé um „ex officio“-atriði að ræða, sem dómara beri að taka afstöðu til, en ekki hafi hins vegar orðið komist hjá því að gera slíka frávisunarkröfu, þegar taka hafi átt afstöðu til þess, hvort umkráfin skjöl bæri að leggja fram. Ljóst sé enn fremur í þessu sambandi, að liggja eigi ljóst fyrir, þegar mál fari í gang, hvaða gagna sé þörf. Frávisunarkrafan byggist enn fremur á því, að það sé allsendis óeðlilegt, að hægt sé að hafa uppi kröfu á hendur aðila, sem ekki sé aðili að þessu máli. Afhending á umkröfðum skýrslum sé stefnda óviðkomandi, enda krafa

ekki gerð á hendur honum um afhendingu á skýrslunum. Þótt gerð sé þannig krafa af hálfu stefnda um frávisun á framlagningarkröfu stefnanda, þá sé þess á engan hátt krafist, að vísa beri öllu málinu frá dómi, heldur einungis þeirri kröfu stefnanda, að Brynjar Eiríksson leggi fram tiltekið skjal í málinu, enda eigi sú krafa að mati stefnda ekki heima í málinu.

Stefnandi byggir sjónarmið sín um, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og að krafa hans um framlagningu á tilgreindum skjölum nái fram að ganga, á því, að mótbárur stefnda við kröfu hans byggist ekki á laga-
legum grunni. Aftur á móti sé réttur hans til slíkrar kröfugerðar skýr og byggist á 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 sem og 9. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Staðreyndin sé hins vegar sú, að hann hafi ekki fengið aðgang að þessum skýrslum, þótt þær varði hann persónulega. Í málinu sé ekki beðið um meira úr þessum skýrslum en varði hann sjálfan, en slíka kröfu eigi hann fullan rétt á að bera fram í málinu, sbr. tilvitnaðar lagagreinar. Einkamálalögin geri einmitt ráð fyrir því, að upp geti komið slík tilvik, að ekki verði séð fyrir fram, að lagst sé á gögn, sem málspörtum séu nauðsynleg í málarekstrinum, og því sé málsaðilum í slíkum tilvikum veitt réttarúrræði 148. gr. einkamálalaganna.

IV.

Niðurstaða.

Í einkamálalögunum nr. 85/1936, 88. gr., liðum a til i, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, er getið þeirra atriða, sem eigi að koma fram í stefnu. Meðal þeirra atriða eru dómkröfur stefnanda, liður c, og tilgreining á sönnunargögnum, liður f. Í stefnu, liðum I til V, tilgreinir stefnandi dómkröfur sínar í málinu. Á bls. 4 í stefnunni er tilgreining á málskjöllum, sem stefnandi við útgáfu stefnu ráðgerði að leggja fram við þingfestingu í málinu, og þar á meðal getið um dskj. 3, sem í málsóknarlýsingu stefnanda ber heitið „Áskorun um framlagningu skjala“. Dómskjal þetta er efnislega áskorun til Brynjars Eiríkssonar sálfræðings um að leggja fram í síðasta lagi við þingfestingu málsins samrit af tilgreindum skýrslum. Þetta áskorunarskjal er einnig tilgreint í greinargerð stefnanda, dskj. 2, og ekki verður betur séð en þar komi fram efnisleg lýsing á því, sem stefnandi telur, að skýrslurnar innihaldi. Við meðferð málsins, þ.e. í þinghaldi 28. febrúar sl., gerði stefnandi að beiðni dómarans og án andmæla lögmanns stefnda nánari grein fyrir þessu atriði og vísaði í því sambandi sérstaklega til dskj. 3, og kom það enn frekar til umfjöllunar, er vitnið Brynjar Eiríksson kom fyrir réttinn í sama þinghaldi.

Ljóst er af málsóknargögnum og þar á meðal stefnu, að stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda vegna ætlaðra meiðandi ummæla, er hann

telur, að stefnandi hafi viðhaft um sig. Tilgreinir stefnandi í stefnu hin ætluðu meiðandi ummæli og telur, að þau séu að minnsta kosti að hluta til að finna í skýrslum þeim, sem hann á grundvelli 147. og 148. gr. einkamálaganna nr. 85/1936 hefur krafist framlagningar á. Við meðferð málsins hefur krafa stefnanda að þessu leyti enn frekar skýrst, enda hefur dómarrinn kappkostað að gæta í þessu sambandi ákvæða 114. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður, að stefnandi hafi í málinu átt rétt á að nýta sér réttarúrræði 148. gr. einkamálaganna nr. 85/1936 með því að krefjast skjala frá Brynjari Eiríkssyni og óska eftir úrskurði dómarsins um skyldu Brynjars í því sambandi.

Ekki verður í þessu sambandi fallist á þá málsástæðu stefnda, að kröfugerð stefnanda sé slíku ánnmörkum háð, að því er tekur til kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skýrslum, að vísa beri þeirri kröfu frá dómi. Hitt er svo annað mál, að við samningu greinargerðar hafði stefndi fullt tækifæri til að taka sérstaklega afstöðu til þessa atriðis og reifa stuttlega þau sjónarmið, er lytu að frávísun á kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skýrslum eða tilteknum hluta þeirra. Það tækifæri nýtti stefndi sér ekki.

Með því að þannig eru hvorki formleg né efnisleg rök til að vísa frá dómi kröfu stefnanda um, að dómarrinn kveði á um það með úrskurði, hvort vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi beri að leggja fram skýrslur þær, sem vitnið Brynjar ásamt Önnu Karín Júlíussen félagsráðgjafa gerðu að beiðni Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, eða tiltekinn hluta þeirra, þá verður framangreind frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina, og nær hún því ekki fram að ganga.

Málkostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa stefnda um, að vísað verði frá dómi kröfu stefnanda á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals, nær ekki fram að ganga.

Málkostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.